



Blönduskóli auglýsir eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður fyrir skólaárið 2021 - 2022



Deildarstjóra sérkennslu - 100% starf

Kennara -100% starf, 53% starf og 100% afleysingu til eins árs

Ritara – 60% starf

Stuðningsfulltrúa - 50% starf

Blönduskóli er framsækinn skóli í mikilli þróun með 140 nemendur í 1. – 10. bekk. Skólinn leitast við að koma til móts við þarfir nemenda sinna á persónulegan og einstaklingsmiðaðan hátt. Lögð er áhersla á teymiskennslu. Gott samstarf er við nærsamfélagið svo sem íþróttafélögin og tónlistarskólann.

Einkunnarorð skólans eru mannúð – hreysti – viska.

Deildarstjóri sérkennslu

100% starf með 50% stjórnunarumfang frá 1. ágúst 2021. Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur og stjórnar allri sérkennslu skólans og er næsti yfirmaður sérkennara og stuðningsfulltrúa sem starfa við skólann. Hann heldur utan um þjónustuteymi nemenda með sérþarfir, er í forystu um gerð einstaklingsnámskráa og ráðgefandi við gerð þeirra.

Umsækjendur verða að hafa leyfisbréf til kennslu og kennslureynsla í grunnskóla æskileg. Viðbótarmenntun í sérkennslufræðum æskileg, stjórnunarreynsla er kostur. Leitað er eftir einstaklingum sem hafa góða skipulagshæfileika, mikla hæfni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Áhersla er lögð á teymisvinnu og teymiskennslu í Blönduskóla, samþættingu námsgreina og þemabundin verkefni. Góð tölvukunnátta og reynsla af kennslu í upplýsingatækni æskileg.

Kennarastöður

Staða umsjónarkennara á yngsta stigi, 100% staða til eins árs frá 1. ágúst 2021 til 31. júlí 2022 vegna afleysingar. Allar almennar kennslugreinar.

Staða textílmenntakennara, 53% staða frá 1. ágúst 2021.

Staða umsjónarkennara á unglíngastigi, 100% staða kennara frá 1. ágúst 2021. Helstu kennslugreinar vinna í tungumálateymi með áherslu á dönsku, 54%, hönnun og smíði, heimilisfræði o.fl.

Umsækjendur verða að hafa leyfisbréf til kennslu og kennslureynsla í grunnskóla æskileg. Leitað er eftir einstaklingum sem hafa góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og teymiskennslu, samþættingu námsgreina og þemabundin verkefni. Reynsla af samkennslu árganga og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvæg. Góð tölvukunnátta og reynsla af kennslu í upplýsingatækni æskileg.

Ritari í 60% starf

Leitað er að einstakling sem hefur gott vald á íslensku í ræðu og riti, með mikla hæfileika til samskipta og samvinnu. Góð almenn tölvukunnátta. Getu til að tileinka sér nýja hluti. Sýni frumkvæði og faglegan metnað. Ritari er í miklum samskiptum við nemendur, starfsfólk og foreldra, sér um almenna skráningu í Mentor skráningarkerfi skólans, sér um vef skólans www.blonduskoli.is og margt fleira. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 10. ágúst 2021.

Stuðningsfulltrúi í u.þ.b. 50% starf frá 19. ágúst 2021 til 2. júní 2022

Óskað er eftir einstaklingum sem eru tilbúnir að starfa við fjölbreyttar aðstæður bæði inni og úti. Starfið er mjög fjölbreytt þar sem áhersla er lögð á mannleg samskipti bæði við börn og fullorðna. Stuðningsfulltrúi er m.a. kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði nemenda; félagslega, tilfinningalega, námslega og í daglegum athöfnum. Viðkomandi verða að geta hafið störf 19. ágúst 2021.

Umsóknum þar sem fram kemur hvaða starf er verið að sækja um skal skilað ásamt kynningarbréfi og ferilskrá í tölvupósti á netfang Þórhöllu Guðbjartsdóttur skólastjóra, thorhalla@blonduskoli.is. Umsækjandi þarf að veita leyfi til upplýsingaöflunar úr sakaskrá. Nánari upplýsingar fást hjá skólastjóra í síma 455-4750 eða 892-4928. Umsóknarfrestur er til 30. maí. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin. Jafnt konur og karlar hvattir til að sækja um.

Umsækjendur mega hvorki hafa hlotið refsisdóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 né hafa hlotið refsisdóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Rétt er að vekja athygli á því að við ráðningu er heimilt að sækja upplýsingar úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur hafi hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, að veittri fræðslu til hans þar að lútandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.